

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga 2023 -2024.

Starfsáætlun



Leiðarljós

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga skal vera ein af menningarstoðum samfélagsins og taka virkan þátt í menningarlífinu. Nemendur Tónlistarskólans skulu vera sýnilegir á hinum ýmsu samkomum í þeirra byggðarkjörnum og þannig efla stöðu tónlistar í sínu samfélagi. Æskilegt er að nemendur jafnt sem kennarar fái tækifæri til að stunda list sína og samfélagið njóti þess.

Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna kemur fram að tónlistarskóli skuli vera opinn öllum og sinna almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Ekki er síst mikilvægt það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Helstu verkefni og innra starf

- Rannsóknir hafa leitt í ljós að tónlistarnám hefur bætandi áhrif á annað nám sérstaklega í raungreinum. Tónlistarnám eykur einbeitingu og stuðlar að betri vinnubrögðum hjá nemendum. Auk þess hefur tónlist og tónlistaiðkun bætandi áhrif á sálarlífið og stuðlar að gleði og lífsfyllingu.
- Tónlist hefur róandi áhrif á alla, samleikur og kórsöngur stuðlar að meiri félagsþroska hjá börnum. Tónskólinn er ekki bara fyrir börn heldur líka fullorðna og allir sem áhuga hafa á tónlist geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.
- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans.
- Unnið verður að aðlögun *Uppbyggingarstefnunnar* að tónlistarskólanum.
- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem í Tónlistarskólanum ríkir.
- Haldið verður formlega utan um símenntun kennara með skráningareyðublöðum.
- Stærri starfsmannahópur og þ.a.l. meiri svigrúm til að bregðast við áföllum eins og veikindum og fækkun eða fjölgun nemenda á ákveðnum hljóðfærum.
- Með stærri starfsmannahópi er meiri þekking og breidd innan hans og því mögulegt fyrir kennara að læra af samstarfsfélögum sínum.
- Kennarar sem hafa sérhæft sig á ákveðin hljóðfæri geta sinnt þeim nemendum betur og skólarnir ná fram betri kennsluaðferðum og árangri.

- Nýir möguleikar til hljóðfæranáms, með enn meiri nálgun við Menntaskólann á Tröllaskaga og þær námsbrautir sem eru þar í boði fyrir unga tónlistarmenn.
- Mögulegt er að nemendur sem staddir eru á svipuðum stað í tónlistarnámi hittist í auknu mæli og spili saman á sérstökum æfingum t.d. fyrir tónleika. Jafnframt er tækifæri til að skoða hópkenndu í auknu mæli bæði innan skólanna og milli þeirra.
- Að skólinn sé með, á hverju ári, foreldra og starfsmannakannanir.

Helstu verkefni á komandi skólaári

- Fyrsti kennsludagur er 4. september.
- Foreldravika er 2.-6. október þar sem foreldrar geta komið í skólann með nemendum og einnig verður hægt að panta viðtaltíma með stjórnendum skólans.
- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélaganna með aðkomu að viðburðum skólanna og einnig er markmið að setja upp söngskemmtun eða söngleik.
- Tónlistarskólinn sér um tónmenntarkennslu fyrir grunnskólana í Dalvíkurbyggð og í Árskógi og einnig í Grunnskóla Fjallabyggðar og er með söngsal í leikskólum á Tröllaskaga.
- Haustfundur kennara verður haldinn í september.
- STS þing skólastjóra tónlistarskóla í október.
- Samstarf við leikskóla heldur áfram að þróast með föstum heimsóknum í hverri viku.
- Frístund í Fjallabyggð – Marimbusveit 1 og 2 söngsveit Evu Ípad – bílskúrsbandið kl. 13.35 - 14.25.
- Haustfrí er mánudaginn 23g þriðjudaginn 24 október
- Hausttónleikar verða vikuna 31. okt til 3 nóv.
- Þemavika skólans verður í vikuna 28. nóv -3. desember.
- Í kringum haust-, jóla- og vortónleika verða farnar heimsóknir á Dalbæ, Hornbrekku, Skálarhlíð og Sjúkrahúsið á Siglufirði.
- Jólatónleikar 5 - 15. desember.
- Uppskerutónleikar Tónlistarskólans eru 14. mars.
- Tekið verður þátt í Nótunni í Hofi og svo vonandi í Eldborg.
- Unnið verður að því að aðlaga *Uppbyggingarstefnuna* að skólastarfi TÁT.
- Með tilkomu rafrænnar dagbókar og með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn verður lagt mat á árangur nemenda, reglubundnar en áður hefur verið.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil, hljómsveitarstarf og upptökur innan skólans og hver kennari mun koma að samspili eða hljómsveitastarfi.
- Vortónleikar verða 7. 16. maí.
- Upptökuvika 21.-24. maí.
- Skólaslit verða föstudaginn 31. maí 2024

Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess, einnig eru margir foreldrar sem nota netpóst, msn, sms og síma.
- Tónlistarskólinn er með heimasíðu tat.is og Facebook síðu til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins.
- Hægt er að nota Sportabler til að innheimta skólagjöld tónlistarskólans. Viska reiknar út upphæðir byggðar á skráningum í Nemendaskrá og Gjaldskrá skólans í Visku. Þar er hægt að útbúa stillingar fyrir sér verð fyrir t.d. söng, aukahljóðfæri og systkinaafslátt eftir því sem við á, þá reiknar Viska út öll verð með viðeigandi afsláttum.

Framtíðarsýn til 2025

- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar, nokkuð mörg hljóðfæri þarfnast viðhalds.

Lykiltölur

	2021	2022	2023	2024
Starfsmannafjöldi	16	14	15	13
Meðalstarfsaldur á starfsstað	7,6	9,0	9,5	7,3
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	11,40	11,10	10,95	10,20
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	10,5	12,0	9,5	8,20
Fjöldi nemenda	193	171	170	171
Fjöldi nemenda eftir kyni	Kvk 55%	Kvk 54%	Kvk 65%	Kvk 62%
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa saman að	15	15	16	17
Heildarstærð húsnæðis	1200	1200	1200	1200
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	19	20	19	18
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið eða símenntun	33	15	17	24
Meðalfjöldi klst. á kennara sem nýttir voru í símenntun	0	0	0	0
Utan vinnutímaramma	0	0	0	0
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með skólann	91,5%	92%	92%	91,5%
Hlutfall starfsmanna sem fóru í starfsþróunarsamtal	100%	100%	100%	100%
Stig grænnar greinar	0	0	0	0
Gild skólanámskrá	já	já	já	já
Gerð sjálfsmatsskýrslu	ja	já	já	Já
Frávik frá fjárhagsáætlun	0	0	0	0
Fjöldi sótttra styrkja	0	0	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á	56	32	45	53
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal	15,5%	11%	20%	14,5%
Fjöldi sótttra styrkja	0	0	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á	56	32	45	53
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal	15,5%	11%	20%	14,5%

